

3. tölublað

38. árgangur

2004

Rigningin er komin

Ljóst er að engin fær mótsgjaldið sitt endurgreitt þar sem við stóðum við það að rigningin myndi láta sjá sig. Hún kom með miklum látum og hvarf með miklum látum.



Kúluvarp ritstjórnar

Ritstjórn minnir á LABBAKÚTINN sem staðsettur er á mótssvæðinu. Einnig minnum við á undirskriftarlistana sem eru á ferðinni á mótssvæðinu. Við mótsmælum allir þeim ólögum sem mótsstjórn ætlar að setja á ritstjórn (sjá síðasta blað).



Stjörnuspá

Spáin gildir fyrir 30. maí.



Vatnsberinn - 20. janúar - 18. Febrúar

Ef þú hefur verið stunginn, farðu þá í sjúkratjaldið. Ef ekki þá munt þú þurfa halda áfram að flýja Sporðdrekann því hann heldur áfram.



Fiskarnir - 19. febrúar - 20. mars

Þú verður hundblautur þegar á mótið líður. En þú munt skemmta þér með eindæmum vel í kvöld.



Hrúturinn - 21. mars - 19. apríl

Þú ert ennþá stórkostlegur, frábær og yndislegur. Þarf að segja meira? Þó mun sorg ríkja á mótinu þegar þú ferð.



Nautið - 20. apríl - 20. maí

Ljóst þykir að ritsjórn Labba verða þínir uppáhalds ritstjórar allt mótið. Þú hefur enga aðra vöð. Hehehe.



Tvíburarnir - 21. maí - 20. júní

Þú ert ekki með sjálfum þér í dag. Segðu Dr. Móra hvert vandamálið er og hann getur leyst úr öllum þínum sálarflækjum (þó hann geri oftast illt verra).



Krabbinn - 21. júní - 22. júlí

Varastu sjúkratjaldið í dag. Það eru allir stórslasaðir inni í því svo það hlýtur að vera vondur staður.



Ljónið - 23. júlí - 22. ágúst

Það er einhver sauðir í kringum þig sem segjast vera æðislegir og að þú eigir að dýrka þá. Ekki láta bjóða þér þetta.



Meyjan - 23. ágúst - 22. september

Þú munt gegna stóru hlutverki á þessu Vormóti. Hvað það verður kemur í ljós en ljóst er að þú munt slá í gegn enda með glæsilegra móti.



Vogin - 23. september - 22. október

Þú ert of mikilvæg/ur til þess að ganga í dag. Láttu næstu menn bera þig á kóngastól hvert sem þú ferð. Passaðu bara að þeir beri þig ekki beinustu leið í lækinn og skilji þig eftir þar. Sumir eru bara of afbrýðsamir.



Sporðrekinn - 23. október - 21. nóvember

Haltu áfram að elta. You can do it. Lausleg þýðing: Þú getur það ef þú vilt það en þú verður að leggja þig ótrúlega mikið fram.



Bogmaðurinn - 22. nóvember - 21. desember

Það mun aðili af hinu kyninu elta þig á röndum fram eftir degi. Hápunkti þess mun þó ná þegar þú verður þess minnst var/vör.



Steingeitin - 22. desember - 19. janúar

Þú verður á milli tannana á fólki á þessu Vormóti. Gættu þín sérstaklega á lágflugi á mótinu því ýmsir furðufuglar hafa sést á sveimi.

Kaldar kveðjur og sjóðheitar fréttir

Menn Fjallaféllusar (**rauða liðið**) unnu næturleikinn sannfærandi. Öll lið komu sínum vopnum til foringja sinna en menn Fjallaféllusar voru morðóðari og höfðu því sigur.



Fjallaféllus var að vonum ánægður með árangurinn og stoltur af sínum mönnum

Umsjónarmenn næturleiksins þakka Riddurum sérstaklega fyrir aðstoðina við gerð leiksins. Nú syngjum við öll saman, Hvar sem mætast þroski og þor...

Hvar eru Móri og Skotta????????????????????????????????



Jónki Spæ

Hrun Haugsveldisins

5. þáttur

Jónki Spæ sagði þá við McFlee að nú væri kominn tími til að rjúka til Bandaríkjanna og skoða málið. Þeir pöntuðu sér miða með XXXXXXXXXXXXX (auglýsingar kosta peninga svo ef eitthvað flugfélag óskar eftir auglýsingu hér hafðu þá samband við ritstjórn Labba). Jónki Spæ og McFlee voru komnir til Bandaríkjanna daginn eftir. Þeir fóru sem leið lá að höfuðstöðvum CIA. Þar í anddyrinu tók á móti þeim maður að erlendu bergi brotinn, eða svo hélt Jónki Spæ í upphafi. McFlee reyndi að fá manninn til að skilja að hann væri einn af starfsmönnum CIA og ætti að geta gengið þarna inn og út eins og honum listi. Þá rann upp fyrir Jónka Spæ hvar hann hafði heyrt þetta tungumál áður sem þessi maður í anddyrinu talaði. Það var hans eigið tungumál, íslenska.

6. þáttur

Þá var Jónka Spæ það ljóst að hann þyrfti líklega að rjúka aftur til Íslands. Hann sá það einnig strax að þetta mál var að verða honum ansi dýrt peningalega séð. Hvert átti hann að senda reikninginn? Var það á CIA, Hvíta húsið eða mótsstjórn Vormóts Hraunbúa? Hann var þegar farinn að hugsa málið varðandi peningana þegar hann verður þess allt í einu var að McFlee er horfinn og það sporlaust. Allt í einu varð allt svart.

7. þáttur

Stuttu síðar vaknaði Jónki Spæ mjög vankaður. Það var allt svart. Hann var greinilega í einhverju farartæki. Jónki var stutta stund að átta sig enda með einu skilningarviti fleiri en þið hin. Jónki mundi eftir kveikjaranum sínum í vasanum og kveikti eld. Skipti engum togum að það var ekki allt svart lengur. Jónki sá að hann var inní stórri flugvél. Hann var staddur í farangurslestinni og ákvað því að skoða farangurinn til að sjá hvert hann væri að fara. Allar töskurnar voru merktar Kef. XXXX (eins og fram hefur komið munum við taka gjald fyrir auglýsingar)

8. þáttur

Hann gerist allur í flugvélinni og er ekket sérlega spennandi.

9. þáttur

Flugvélin var lent í Keflavík og Jónki flýtti sér beinustu leið á skrifstofu sína sem stödd var í gömlum skúr við Hjallahraun 51 í Hafnarfirði. Jónki vissi sem var að hann var í raun komin á besta stað til að halda rannsókn þessa dularfylla máls áfram. Hann reyndi að ná í McFlee og náði loks í hann með flöskuskeyti. McFlee sagði þar að hann hefði náð að laum sér inn í höfuðstöðvar CIA og komist þar að því að upptök vandast voru að finna í Reykjavík á Íslandi. Þar voru nokkrir aðilar sem kölluðu sig Hauga.

Karlrembusíðan

Við þurfum ekkert að ganga um svæðið og spyrja "sérfræðinga" til að komast að sannleikanum. Karlmenn eru einfaldlega betri en konur. Þeir menn sem hafa látið einhverjar kerlingar berja úr sér trúna á andlegum og líkamlegum yfirburðum karlmanna séu ekki alvöru karlmenn.

Þó verð ég að játa það að konur hafa einn hlut fram yfir okkur karlana. Þær líta bara svo miklu betur út. Við getum eytt heilu klukkutímunum í að horfa á þær (helst með sem minnsta truflun frá fötum) en ekki hálfri mínútu í að fylgjast með öðrum karlmanni.

Staðreyndir

- Konur hafa minni fætur en karlmenn. Þetta gerir það að verkum að þær geta staðið nær eldavélinni.
- Konur eru einnig í flestum tilvikum lægri í loftinu sem gerir þeim auðveldara að setja í þvottavél, skúra gólfín og taka upp eftir okkur það sem við skiljum eftir hér og þar .
- Konur eru einfaldlega þolinmóðari og er því sjálfsagt að þær séu heima með börnin á meðan við förum út með vinunum og drekkum malt.
- Allur friður var úti í atvinnulífinu þegar að konur fengu það í gegn að fara út á atvinnumarkaðinn í stað þess að vera áfram í því eðlislægastarfi sem þær gengdu áður. Þ.e. vera heima berfættar, kasóléttar að elda.
- Meðallaun karlmanna eru hærri en kvenna vegna þess einfaldlega að við eigum þau skilið.
- Konur þurfa yfirleitt meira af fatnaði en við og eru þar af leiðandi dýrari í rekstri, sem að nokrum hluta skýrist á þeirri staðreynd að við höfum náttúrulegan loðfeld.

- Eins og bókin góða segir orðrétt "Og guð skapaði konuna til að þjóna mannum"



Algengasta setning kvenna er:
"Stærðin skipir ekki máli" !!!!!

Og ef það er satt að stærðin skipti ekki máli hver er þá tilgangurinn í bévítans jeppanum.....????

Karlrembufélag Íslands

Kvenrembuhornið

Þess má geta að stærð fyrirsagnar hefur ekkert með það að gera að í ritstjórn eru bara karlmenn.

Við gengum um svæðið og spurðum nokkra vel valda sérfræðinga hvað kvenremba væri. Vinsælasta svarið var: "Femínisti".

En það er bara leiðinlegt svar á flóknu hugtaki. Sum svörin voru betri. Til dæmis að kvenremba sé Ásrún, eða að það sé Hulda. En það eru deildar meiningar um það.

Mjög góð útskýring er að kvenremba sé andstæða karlrembu.

Þeir sem lifa í þeim hræðilega misskilningi að femínistar og kvenrembur séu það sama eru að misskilja systemið. Á meðan femínistar vilja heimsyfirráð (nota orðið jafnrétti sem yfirvarp) vilja kvenrembur bara rakka niður karlmenn - Og bara það.

Staðreyndir

- Óli er hvorki femínisti né karlremba.
- Andri litli (mikli?) er karlremba.
- Andri litli (mikli?) er hræddur við kvenfólk
- Karl- og kvenrembur eru í rauninni það sama... bara öfugt.
- Hulda og Klara eru ekki kvenrembur... þær elska karlmenn.
- Ekki Ásrún heldur.

Dr. Móri


Spurning:

Kæri Móri. Ég á í vandræðum með kærastann minn. Hann lét mig tjalda tjaldinu sínu meðan hann fór að leika sér við vini sína. Ég veit ekki hvað ég á að gera í þessu. Geturðu hjálpað mér?

Svar:

Hættu bara að væla og sættu þig við þitt hlutverk. Hann á eftir að koma þreyttur heim svo að þú átt að vera með góða máltíð tilbúna handa honum og gott nudd. Og allt mun fara vel.

Dr.Móri



...:Slúddi:...

Heyrst hefur...

Að björgunarsveitarþjálfun sé orðin mjög lík hernaðarþjálfun.

Að systir Harpa sé að nota vormót til þjálfunar varðandi börn.

Að tónleikarnir hafi verið snilld.

Að ritstjórn Labba þurfi ekki að borða hækjurnar sínar.

Að kamarinn sé góður báðum megin

Að D.S. Asterix séu bestir

Að GÖMLU Trail séu þó alltaf skrefinu á undan

Að Jósef sé ótrúlega minnugur

Að Jósef muni eftir Vormótum sem voru haldin áður en hann fæddist.

Að Nanna fíli slúður.